



Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Nr. 38/2021

Reykjavík, 17.12.2021

Málsnúmer: 2021120164

Efni:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur stöðvað sölu og innkallar hér með frá neytendum vöruna **Samyang hot chicken flavor cup ramen**.

Ástæða innköllunar:

Merkingar, þ.m.t. upplýsingar um ofnæmis- eða óþolsvalda, eru á óleyfilegu tungumáli og geymsluþolsmerkingum vörunnar hefur verið breytt. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er með breytingar á matvælaupplýsingum til frekari rannsóknar.

Óheimilt er að gera breytingar á matvælaupplýsingum þannig að þær villi um fyrir neytendum, dragi úr neytendavernd og möguleikum neytenda að taka upplýstar ákvarðanir.

Hver er hættan?

Neytendum með ofnæmi eða óþol getur stafað hættu af vörunni.

Upplýsingar um vöru sem innköllunin einkorðast við:

Vöruheiti: **Samyang hot chicken flavor cup ramen**

Geymsluþol: **Best fyrir** Dagsetning: **25.1.2023**

Strikamerki: **8801073210776**

Nettómagn: **70 g**

Framleiðandi: **Samyang Foods Co., Ltd**

Framleiðsluland: **Suður-Kórea**

Dreifing:

Verslunin Álfheimar, Álfheimum 2, 104 Reykjavík.

Leiðbeiningar til neytenda:

Neytendur eru beðnir um að neyta vörunnar ekki og farga.



Nánari upplýsingar um innköllun:

Nánari upplýsingar um innköllunina veitir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í gegnum netfangið heilbrigðiseftirlit[hja]reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Mynd(-ir):

